

103
14. maí

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1939.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1939, eru veittar samkv. 2.—4. gr. hér á eftir kr. 28743.65

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:
Kostnaður við störf Vilhjálms Þórs, verzlunarerindreka í New York kr. 13255.65

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Til Matthíasarbókhöðu á Akureyri	kr. 10000.00
2. Til skáksambands Íslands	— 3000.00
3. Til blaðamannafélags Íslands	— 500.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Til Faxaflóanefndar	kr. 1200.00
2. Kostnaður við úthlutun kartöfluverðlauna	— 188.00
3. Til fyrirhleðslu Hólmsár	— 600.00

Samtals kr. 28743.65

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

104
14. maí

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa:

- Jarðirnar Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, eða hluta úr þessum jörðum.
- Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni.